

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 140/2014 um meistaranám
við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IV. lið 15. gr. reglnanna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. bætist við nýr málsliður, svohljóðandi:
Af þeim geta allt að 30 einingar verið úr BS námi í hjúkrunarfræði.
- b. 1. másl. 2. mgr. orðast svo:
Auk þess getur nemandi í meistaranámi í hjúkrunarfræði fengið að hámarki 20 einingar metnar úr sambærilegu námi á meistarastigi, sem hann hefur stundað utan hjúkrunarfræðideildar en tengist þó rannsóknasviði hans.

2. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af hjúkrunarfræðideild og stjórn heilbrigðisvísindasviðs, auk Miðstöðvar framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 26. janúar 2016.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.